



Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga  
Pósthólf 8100  
128 Reykjavík

SAMGÖNGU- OG  
SVEITARSTJÓRNARRÁÐUNEYTIÐ

Sölvhólsgrötu 7 101 Reykjavík  
sími: 545 8200 postur@srn.is srn.is

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA	
Mál nr.	2006 0045A
Móttækið dags.	29. MAÍ 2020
Bréfahýkils nr.	01.12

Reykjavík 27. maí 2020  
Tilv.: SRN20050001/4.0

Eins og kunnugt er skal Þjóðskrá Íslands á grundvelli 32. gr. a laga um skráningu og mat fasteigna nr. 6/2001 endurmeta skráð matsverð allra fasteigna 31. maí ár hvert. Skal það verð talið fasteignamatsverð frá og með 31. desember þess árs til jafnlengdar næsta árs nema sérstök matsgerð komi til. Frestur eiganda til athugasemda skal vera mánuður frá tilkynningu ákvörðunar. Þjóðskrá Íslands ber eigi síðar en í júnímánuði ár hvert að gera hverju sveitarfélagi og hverjum eiganda grein fyrir niðurstöðu endurmats, sé það framkvæmt. Yfirfasteignamatsnefnd framkvæmir yfirmat skv. 33. gr. sömu laga.

Þjóðskrá Íslands hefur nú kynnt fyrir ráðuneytinu og fulltrúum Sambands íslenskra sveitarfélaga nýtt mat sem stofnunin mun kunngjöra opinberlega fljótlega í samræmi við ofangreint ákvæði. Samkvæmt þeim upplýsingum mun hækkun fasteignamats á landsvísu nema 1,85% eða sem nemur hækkun um 952 milljónir króna á álögðum fasteignaskatti miðað við núgildandi álagningarprósentur sveitarfélaga. Hækkun á fasteignaskatti skv. skattflokki C nemur 1,64% sem felur í sér hækkun álagningar um 471 m.kr.

Í tengslum við þessa kynningu Þjóðskrár Íslands hefur ráðuneytið talið eðlilegt að gert yrði sameiginlegt samkomulag eða viljayfirlýsing á milli þess og Sambands íslenskra sveitarfélaga fyrir hönd sveitarfélaga landsins um að álagningarprósentur sveitarfélaga á komandi ári yrðu lækkaðar sem næmi að lágmarki hækkun fasteignamatsins milli ára. Yfirlýsingin tæki sérstaklega til álagningar fasteignaskatta á atvinnuhúsnæði. Með því móti væri tryggt að sveitarfélög landsins tækju höndum saman um að halda aftur af hækkun fasteignamatsins og hlífa um leið atvinnulífina við auknum álögum á þessum fordæmalausu tímum. Ljóst er að tekjur sveitarfélaga af fasteignaskatti hafi lækkað verulega á umliðnum árum og því mikilvægt að halda aftur af frekari hækkunum á tímum sem þessum.


Viðbrögð fulltrúa sambandsins hafa verið á þá leið að ekki sé þörf á slíku samkomulagi eða yfirlýsingu þar sem flest sveitarfélög landsins muni skoða hvert um sig hvernig unnið verði með álagningu skatta og gjalda komandi árs með hliðsjón af Covid-19 faraldrinum. Því megi búast við að álagningarprósentur verði lækkaðar sem nemur þessari hækkun og einhver sveitarfélög hafi þegar boðað meiri lækkun en sem henni nemur. Þá sé boðuð hækkun matsins ekki það mikil í heildarsamheginu og af þeim sökum sé ástæðulaust að binda sveitarfélög við eina leið, auk þess sem hún verði mismikil eftir sveitarfélögum.

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið vill engu að síður hvetja Samband íslenskra sveitarfélaga til að beita sér fyrir því við einstök sveitarfélög að álagningarhlutföll verði lækkuð sem nemi að

lágmarki þeirri krónutölu sem hækkun fasteignamatsins á milli ára myndi að óbreyttu leiða til, a.m.k. hvað atvinnuhúsnæði varðar. Óskað er eftir því að sambandið geri ráðuneytinu grein fyrir því hver niðurstaðan verður þegar ákvarðanir einstakra sveitarfélaga liggja fyrir í árslok 2020.

Fyrir hönd ráðherra

  
Ragnhildur Hjaltadóttir

  
Hermann Sæmundsson